

Úthlutunarreglur

fyrir Máltæknisjóð

1. gr.

Máltæknisjóður starfar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Honum er ætlað að styrkja verkefni á sviði máltækni og stuðla þannig að því að íslenska sé gjaldgeng í stafrænni upplýsingatækni og notuð á þeim vettvangi. Tilgangurinn er annars vegar að efla og vernda íslenska tungu og hins vegar að auðvelda nýtingu nýrrar samskiptatækni í íslensku samfélagi, til hagsbótar almenningi, stofnunum og fyrirtækjum.

2. gr.

Tekjur Máltæknisjóðs eru:

- Árlegt framlag sem Alþingi ákveður í fjárlögum.
- Aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

3. gr.

Styrkir úr Máltæknisjóði skulu veittir til ákveðinna vel skilgreindra verkefna á sviði íslenskrar máltækni. Verkefnin geta verið ferns konar:

- Rannsóknarverkefni þar sem þróaðar eru nýjar aðferðir á sviði máltækni eða þekktar aðferðir aðlagðar íslensku máli.
- Þróunarverkefni þar sem tiltekinn máltækniþúnaður (hugbúnaður eða vélbúnaður) er þróaður fyrir íslensku til almennra nota.
- Hagnýtingarverkefni sem miða að því að þróa máltækniþúnað og máltæknihverfi fyrir tiltekna aðstæður eða notkun.
- Innviðaverkefni, t.d. uppbygging og viðhald mállegra gagnasafna svo sem orðasafna, textasafna, hljóðsafna o.fl.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur aðilum. Einn er tilnefndur af Samtökum upplýsingatæknifyrirtækja, annar af samstarfsnefnd háskólastigsins og sá þriðji er skipaður af ráðherra án tilefningar og er jafnframt formaður stjórnar. Rannís fer með umsýslu sjóðsins og sótt er um styrki í rafrænu umsóknarkerfi á heimasíðu Rannís.

Sjóðstjórn auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum a.m.k. einu sinni á ári. Stjórnin úthlutar styrkjum að fenginni umsögn a.m.k. tveggja erlendra sérfræðinga. Í mati á umsóknum skal fara eftir því hversu vel verkefnin þjóna markmiðum sjóðsins, sbr. 1. gr. Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til einstaklinga, félaga og stofnana.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir ráðstöfun styrkfjárins innan árs frá móttöku þess og fer lokagreiðsla styrks ekki fram fyrir en sú greinargerð hefur borist.

Heimilt er að ákveða að tiltekin verkefni hafi forgang við úthlutun styrkja enda sé þess getið í auglýsingum. Við slíka forgangsöröðun skal hafa hliðsjón af tillögum nefndar sem skipuð var skv. þingsályktunartillögu nr. 18/143.

5. gr.

Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða komi önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki fram innan eðlilegra tímamarka getur mennta- og menningarmálaráðuneytið fellt styrkveitingu niður. Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var getur mennta- og menningarmálaráðuneytið krafist þess að sjóðnum verði endurgreiddur styrkur í heild eða að hluta. Áður en ákvörðun samkvæmt 1. eða 2. mgr. er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

6. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 5. maí 2015.



Illugi Gunnarsson



Ásta Magnúsdóttir